

Fundur 3.4.2023 Michel Foucault. Franskur heimspekingur 1926-1984.

Komið þið sælir.

*Góða kvöldið.*

Miklar eru framfarirnar hjá mér og hef ég bæði í persónulegu lífi tekið framförum og sumuleiðis í fagi mínu og er ég ekki frá því að margir af þeim sem þekkja til verka minna á jörðinni ykkar gömlu, yrðu hissa á því hvernig ég hef mótað nýjar kenningar á framlífs jörð og sagt skilið við margar þær kenningar sem ég hélt í á jörðinni og átti þátt í að móta.

Og finnst mér það stórmerkilegt hversu mörg þrep þroska og þróunar ég hef gengið í gegn um á þessari jörð minni, sem kalla má mína fyrstu framlífs jörð.

Og átti ég fyrstu árin mjög erfitt með að temja mér þann hugsunar hátt að ég væri fram kominn á jörð en ekki andasviði, þar sem heimspeki mín gekk út á andlegan þroska og upphafningu manns hugans yfir líkamlega þröskulda og hindranir og kynferði.

Og félagsleg yfirráð yfir náttúrulegu kyni og samþættingu ýmissa fræðigreina sem þróuðust í Evrópu í heimalandi mínu, þýskalandi og víðar í kjölfar kenninga Hegels og fleiri heimspekinga.

Og hér á framlífs jörð tel ég mig hafa misskilið kenningar þeirra og hef ég rætt við þá í fjarsambandi og eru hér að vísu nokkrir með mér staddir á þessari framlífs jörð og hafa einnig verið mér mikilvægir á þroska braut minni og hefur mér verið einna dýrmætast að ræða í fjarsambandi í þessari stjörnusambandsstöð við Friedrich Nietzsche og hef ég endurmetið skilning minn á kenningum hans og hefur hann bætt við þær á framlíf jörð, þannig að ég hef tekið miklum framförum og endurmetið afstöðu mína.

Og hef ég einnig oft rætt við dr. Helga Pjeturss á framlífs jörð og var það eitt af því eitt af því fyrsta sem ég gerði þegar ég varpaði frá mér þeirri regin firru að þróun heimspekinnar ætti að byggjast á þeirri grunnforsendu að hugur mannsins ætti að losna úr viðjum líkamans og kyngferfisins og skilgreina heiminn út frá andatrú en ekki náttúruvísindum.

Það sem gerðist í kjölfarið var það, að jafnvel þótt ekki hafi verið ýtt að mér að leita mér kvonfangs, fann ég þær kenndir vakna og gekk það upp á annan og betri hátt en hafði gengið á jörðinni gömlu.

Og snéri ég því baki við lifnaðarháttum sem ég hafði þar tamið mér og voru hluti af heims sýn minni og hefur mótað vestræna menningu upp á síðkastið.

Hef ég talað við ykkur áður en var það aðeins stutt og náði ég ekki að útskýra þetta vel en mun ég reyna að koma síðar.

Áður en ég kveð ykkur ætla ég að reyna að segja nafn mitt, franskur heimspekingur, Michel Foucault.

Er það sönn ánægja að komast í sambandið og forréttindi að tala við menn á gömlu jörðinni, enda ekki um aðra að ræða, sem skilja að við erum líkamlegir menn í framlífi en ekki andar.

Og já, ég vona að þið munið eftir mér og ég reyni að koma síðar og fara betur út í þetta, finn ég orkuna dvína og verð því að kveðja að sinni, þakka ég kærlega fyrir og vona ég að þið hafið haft gagn og gaman að þessu erindi.

Verið þið sælir.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu velkominn aftur.*

Já takk.